Nr. 59.
10.
nóvbr.

# Lög

um

## varnarþing í skuldamálum.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ef skuld er stofnuð við fasta verzlun eða aðra heimilisfasta atvinnustofnun hjer á landi, á skuldheimtumaður rjett á, ef hann vill, að sækja mál til greiðslu skuldarinnar á hendur skuldunaut í þinghá þeirri, er skuldin er stofnuð í, eins og væri þar varnarþing hans, enda sje skuldin eigi stofnuð fyrr en lög þessi öðlast gildi. Eigi raskar þetta þó ákvæðum þeim, er nú gilda um varnarþing, er bundið er við fasteign.

Lög þessi ná til þeirra einna skuldaskipta, er skuldheimtumaður er kaupmaður, eða hefur á annan hátt atvinnu sína af viðskiptum, svo sem lyfsalar, bóksalar, veitingamenn, iðnaðarmenn, kostnaðarmenn blaða og rita og aðrir, sem líkt stendur á með.

Því að eins gilda fyrirmæli þessarar greinar, að fyrirtökudagur málsins falli á missirinu milli 1. maí og 1. nóvember.

2. gr.

Mál þau, er um er rætt í þessum lögum, skulu rekin fyrir gestarjetti, en birta skal stefnuna á lögheimili skuldunauts með þriggja vikna fresti, ef það er innan sama lögsagnarumdæmis sem fyrirtökustaðurinn, með 6 vikna fresti, ef það er utan lögsagnarumdæmis, en þó í sama landsfjórðungi, en með níu vikna fresti, ef það er í öðrum landsfjórðungi.

Með „landsfjórðungi" er hjer átt við svæði það, er amtsráðin nú taka yfir.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 59.
10.
Novbr.

om

## Værneting i Gjældssager.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til **Danmark,** de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For Gjæld, der er stiftet ved en Kjøbmandshandel eller en anden fast Forretning her i Landet, kan Fordringshaveren, hvis han ønsker det, sagsøge Skyldneren ved det Steds Værneting, hvor Gjælden er stiftet, som om det var Skyldnerens Værneting, forsaavidt Gjælden ikke er stiftet inden denne Lovs Ikrafttræden. Herved sker dog ingen Forandring i Bestemmelserne om faste Ejendommes Værneting.

Denne Lovs Bestemmelser angaa alene de Gjældsforhold, hvor Fordringshaveren er Kjøbmand eller paa anden Maade ernærer sig ved Omsætningsvirksomhed, saasom Apothekere, Boghandlere, Hotelværter, Industridrivende, Udgivere af Aviser, Skrifter og lignende.

Denne Paragrafs Bestemmelser gjælde kun i Tilfælde af, at Stævningen falder i Rette i Halvaaret fra 1ste Maj til 1ste November.

§ 2.

De i denne Lov omhandlede Sager skulde behandles gjæsteretsvis, men Stævningen skal forkyndes paa Skyldnerens Bopæl med tre Ugers Varsel, hvis denne er beliggende i den Jurisdiktion, hvor Sagen skal foretages, med 6 Ugers Varsel, hvis den er udenfor Jurisdiktionen, men dog i samme Landsfjerding, men med ni Ugers Varsel, naar den er beliggende i en anden Landsfjerding.

Ved „Landsfjerding“ forstaas i denne Lov de nuværende Amtsraadskredse.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*